

Atvinnumál – hvað þarf til?

Kjallari

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir
Þingmaður Vinstrigrænna



Eitt af meginhlutverkum ríkisvaldsins í atvinnumálum er að sjá um að til staðar sé öflugt stoðkerfi sem raunverulega sinnir þörfum þeirra sem eru að stíga sín fyrstu spor í atvinnurekstri eða eru að undirbúa það. Að baki stoðkerfinu verða að vera öflugir rannsóknar- og þróunarsjóðir sem hafa yfir að ráða umtalsverðu fjármagni. Mikilvægt er að fólk með „venjulegar“ hugmyndir hafi aðgang að slíkum sjóðum án þess að þurfa að leggja í „meiriháttar fjárfestingu“ við að sækja um fyrirgreiðslu. Fyrirgreiðslu sem oft snýst ekki um verulegar fjárhæðir heldur viðurkenningu á hugmynd og stuðningi til að halda áfram.

Fjölbreytileiki starfa

Fjölbreytt atvinnulíf leiðir af sér fjölbreytileika í mannlífi og þar með skemmtilegra samfélag. Það er því afar mikilvægt að landsbyggðin fái tækifæri og stuðning til að bjóða upp á eins mikinn fjölbreytileika í störfum og kostur er. Það verður alltaf til fólk með mismunandi færni og því eðlilegt að reyna að skapa sem flestum eitthvað við sitt hæfi. Horfa verður til þess að ekki eru öll störf sem uppfylla kröfur hins frjálsa markaðar og sem uppfylla arðsemiskröfur auðvaldsins.

Möguleikar landsbyggðarinnar

Ég held að enginn deili um það að ferðaþjónustan er ein af mikilvægustu undirstöðuáttvinnugreinum landsins. Þar eru möguleikar landsbyggðarinnar óendanlegir m.a. vegna hinnar mikilúðlega náttúru, sögu og menningu sem víðast hvar má nýta í mun meira mæli en nú er gert. Greinin hefur þróast hratt og innviðauppbygging ekki náð að fylgja eftir, margra hluta vegna. Það er eitt af því sem við tökumst nú á um á Alþingi, með hvaða hætti fjármagna skuli innviðauppbygginguna og mikilvægt að leysa með almannaréttinn í



forgrunni. En það er fleira sem fylgir ef við náum að fjölga ferðamönnum enn frekar á landsbyggðinni en það er hækkað menntunarsstig fólks sem er afar verðmætt.

Matvælavinnsla er önnur meginstöð atvinnulífs á landsbyggðinni. Þar eru miklir þróunarmöguleikar þó ekki væri fyrir annað en að við höfum mikið af góðu vatni og orkan er tiltölulega ódýr samanborið við mörg lönd. Hreinleiki afurða okkar, hvort sem er úr sjó eða af landi, er lítt umdeildur og því verður að viðhalda. Víða um lönd er fólk sem er tilbúið að greiða vel fyrir matvæli sem sannanlega eru gæðamikil, hrein og framleidd með sjálfbærni að leiðarljósi. Þarna eru óendalegir möguleikar fyrir okkar litla land.

Ímynd hreinleika og sjálfbærni

Orkunýting er svið þar sem vel er hægt að sjá fyrir sér mikla möguleika, einkum ef lögð verður til hliðar sú stefna sumra að selja orkuna í sem

„Í framtíðinni mun það land sem við höfum til ráðstöfunar til ræktunar verða ein af okkar meginauðlindum.“

stærstum einingum til fárra útvalinna. Það hlýtur að vera skynsamlegra að fá sem mest fyrir hverja orkueiningu þar sem ljóst er að nýtanleg orka hér er ekki eins mikil og margir hafa gasprað um. Það hlýtur að vera skynsamlegast að reyna að tengja orkunotkunina við ímynd hreinleika og sjálfbærni.

Vatnið er undirstaðan

Í framtíðinni mun það land sem við höfum til ráðstöfunar til ræktunar verða ein af okkar meginauðlindum. Með vaxandi gróðurhúsaáhrifum minnkar það land í heiminum

sem nýtanlegt er til ræktunar. Þarna eru fólgin mikil tækifæri fyrir Íslendinga í framtíðinni. Hér verður og er raunar þegar hægt að rækta ýmislegt sem talið var útilokað fyrir einum til tveim áratugum. Mikilvægt er að leita sífellt nýrra leiða á þessu sviði. Jafnframt er ljóst að skógrækt á sér bjarta framtíð hér á landi. Þar er hins vegar um raunverulega langtímafjárfestingu að ræða og því verður að vera til ráðstöfunar í þann geira verulega þolinmótt fjármagn. Gæti verið verkefni fyrir líffeyrissjóði landsins?

Vatn er líklega ein allra mikilvægasta auðlind okkar. Það er meginundirstaða allra þeirra möguleika sem hér að framan hafa verið taldir. Því er það okkur óendalega mikilvægt að rík áhersla sé á að vernda vatn og tryggja að réttur til nýtingar þess falli ekki auðmönnum í skaut, tryggja verður að almannaréttur sé ætíð framar einkaréttinum þegar um vatn er að ræða. ■

